

Landsmót STÍ í 50 metra liggjandi riffli fór fram á Ísafirði laugardaginn 16.nóvember s.l. Í kvennaflokki sigraði Jórunn Harðardóttir úr SR með 613,8 stig, Guðrún Hafberg úr SFK varð önnur með 567,6 stig og í þriðja sæti Elín Drífa Ólafsdóttir úr SÍ með 511,4 stig. Í karlaflokki sigraði Jón Þór Sigurðsson úr SFK með 612,7 stig, Guðmundur Valdimarsson úr SÍ varð annar með 609,2 stig og Valur Richter þriðji með 604,6 stig. Í liðakeppninni sigraði sveit SÍ með 1812,9 stig og sveit SR varð önnur með 1774,0 stig.